

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur frá 23. september 1936.

31

27. apríl

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðin:

1. Að hafa verið háseti eftir 16 ára aldur í 24 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 12 mánuði eða verið formaður á skipi yfir 10 rúmlestir í 6 mánuði og háseti eftir 16 ára aldur á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfaeri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið getur öðrum nemöndum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

Vottorð um þessi atriði skal afhenda siglingafræðikennara námskeiðsins.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók.

Annar siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

Siglingatíma prófsveins í mánuðum og þritugustu hlutum úr mánuði skal skrá á prófvottorð hans, með tölum og bókstöfum. Við öflun þess tíma, sem á vantar til þess að fá hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, skal eins mánaðar siglingatími sem formaður á skipi yfir 10 rúmlestir, jafngilda tveggja mánaða siglingatíma sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir. Þó skal leggja fram vottorð fyrir minnst 12 mánaða siglingatíma sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir, áður en stýrimannsskírteini sé veitt.

Til hásetatíma samkvæmt þessari grein má einnig telja siglingatíma sem véla-
maður á skipi milli 15 og 30 rúmlestir.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Við minna fiskimannaprófið skulu gefnar 13 einkunnir, sem sé:

Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 2 skrifl. og 2 munnlegar úrlausnir ..	4
– sjómennsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega úrlausn (siglingareglur) og 1 verklega úrlausn	2
– íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnl. og 1 skriflega úrlausn	2
– sjórétti: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– hjúkrunarfræði: 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn	1
– notkun sextants: 1 einkunn	1
– ritleikni: 1 einkunn	1

3. gr.

20. gr. breytist þannig að á eftir:

Í hjúkrunarfræði	„ stig.
komi ný lína svo hljóðandi:	
– notkun sextants	„ stig.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.